

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 254/1995.

**Hlíf Þ. Jónsdóttir og
Vátryggingafélag Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Önnu Maríu Þorvaldsdóttur

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

og gagnsök

Bifreiðir. Skaðabætur. Örorka. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1995. Þeir krefjast þess aðallega, að þeim verði aðeins gert að greiða gagnáfrýjanda 800.000 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 28. júlí 1993 til greiðsludags auk lögmannspóknunar, að fjárhæð 70.878 krónur, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Jafnframt krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1995 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða sér 3.563.188 krónur, en til vara 3.476.411 krónur, í báðum tilvikum með tilteknum vöxtum frá 31. ágúst 1991 til 22. ágúst 1993, en dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst gagnáfrýjandi greiðslu á útlögðum kostnaði, að fjárhæð 28.658 krónur, ásamt dráttarvöxtum. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi með samþykki aðaláfrýjenda lagt fram kröfu um greiðslu kostnaðar við læknishjálp í janúar 1996 ásamt dráttarvöxtum. Aðaláfrýjendur hafa samþykkt, að gagnáfrýjandi komi að fyrir Hæstarétti þessari hækkun á kröfu sinni vegna útlagðs kostnaðar, en fyrir héraðsdómi var hún að fjárhæð 15.662 krónur.

I.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, hefur örorka gagnáfrýjanda vegna slyss þess, sem mál þetta er risið af, verið metin tvisvar. Mat Björn Öundurson læknir 16. desember 1992 varanlega læknisfræðilega örorku af völdum slyssins 10%. Að ósk aðaláfrýjandans Vátryggingafélags Íslands hf. voru tveir menn dómkvaddir til þess að meta meðal annars, hver tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda væri af völdum slyssins. Hinir dómkvöddu menn, Gísli Einarsson læknir og Stefán M. Stefánsson prófessor í lögfræði, luku matsgerð 11. janúar 1995. Í henni segir, að varanleg læknisfræðileg örorka vegna slyssins sé 5%, en læknisfræðileg örorka í heild meiri en 5%. Í síðara tilvikinu eru talin með varanleg áhrif brjósþólgu, sem matsmenn álíta til komna, áður en slysið bar að höndum. Matsmenn tilgreina ekki nánar, hver heildarörorka gagnáfrýjanda sé metin í hundraðshlutum.

Að matsgerð þessari stóð einn sérfróður maður um læknisfræði. Verður ekki fallist á með aðaláfrýjendum, að matsgerðin nægi til að hnekkja fyrrgreindu örorkumati Björns Öundursonar læknis. Þegar af þeirri ástæðu verður mat hans á læknisfræðilegri örorku lagt til grundvallar við ákvörðun á tjóni gagnáfrýjanda í samræmi við dómvenju, enda liggja ekki fyrir í málinu upplýsingar, sem veita sérstaka ástæðu til að víkja frá læknisfræðilegu mati.

II.

Krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir fjártjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku styðst við útreikning, sem Guðjón Hansen tryggingafræðingur gerði 28. apríl 1995. Var útreikningurinn lagður fram í héraðsdómi 2. maí 1995.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á, að hafna beri kröfu gagnáfrýjanda um bætur vegna tímabundinnar örorku.

Eins og lýst er í héraðsdómi, áætlaði tryggingafræðingurinn höfuðstólsverðmæti varanlegs vinnutekjutaps á tvennan hátt. Annars vegar miðaði hann við framhald náms gagnáfrýjanda og hins vegar samfelld launað starf frá slysdegi. Í fyrra tilvikinu taldi hann höfuðstólsverðmæti tapsins vera 2.807.935 krónur, en í hinu síðara 2.889.800 krónur. Auk þess reiknaði tryggingafræðingurinn verð-

mæti tapaðra lífeyrisréttinda, og nam það í fyrra tilvikinu 168.476 krónum, en 173.388 krónum í hinu síðara.

Með vísun til forsendna héraðsdóms þykir, þegar bætur eru ákveðnar, mega miða við þá niðurstöðu tryggingafræðingsins, sem byggist á samfelldu launuðu starfi gagnáfrýjanda, frá því að slysið bar að höndum. Áætlað tjón af missi lífeyrisréttinda kemur þó eingöngu til álita vegna tekna, sem gagnáfrýjandi telst fara á mis við vegna varanlegrar örorku. Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir hæfilegt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 2.040.000 krónur vegna vinnutekjutaps og 160.000 krónur vegna missis lífeyrisréttinda eða samtals 2.200.000 krónur í bætur fyrir fjártjón af varanlegri örorku. Krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir miska þykir hæfilega tekin til greina með 150.000 krónum.

Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfu, sem gagnáfrýjandi gerði í héraði og Hæstarétti um greiðslu á útlögðum kostnaði, að fjárhæð samtals 28.658 krónur. Verður þessi kröfufliður því tekinn til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda óskipt 2.378.658 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, en upphafstími dráttarvaxta miðast við 2. maí 1995, þegar framangreindur útreikningur tryggingafræðings var lagður fram á dómþingi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Auk þess verður aðaláfrýjendum gert að greiða 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Hlíf Þ. Jónsdóttir og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði óskipt gagnáfrýjanda, Önnu Maríu Þorvaldsdóttur, 2.378.658 krónur með ársvöxtum sem hér segir: af 2.365.662 krónum 6,3% frá 31. ágúst 1991 til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá

þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til 2. maí 1995. Frá þeim degi greiði aðaláfrýjendur dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð til 11. október 1996, en af 2.378.658 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt gagnáfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. maí 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. maí sl., var höfðað með þingfestingu og framlagningu sóknargagna 11. nóvember 1993.

Stefnandi er Anna María Þorvaldsdóttir, kt. 281071-5809, Þinghólsbraut 47, Kópavogi.

Stefndu eru Hlíf Þ. Jónsdóttir, kt. 260624-5049, Unnarbraut 28, Sel-tjarnarnesi, og Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda 3.563.188 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum], til vara, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda 3.476.411 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er gerð krafa um, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda útlagðan kostnað vegna málsóknar og málflutningsþóknun með virðisaukaskatti samkvæmt málskostnaðarreikningi og útlagðan kostnað, samtals að fjárhæð 15.662 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1978, frá 31. ágúst til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu 800.000 kr. með ársvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. júlí 1993 til uppsögudags dóms auk lögmannspóknunar, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

II.

Stefnandi krefur stefndu um skaðabætur fyrir líkamstjón vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir 31. ágúst 1991. Stefnandi var þá farþegi í bifreið, sem lenti í árekstri við aðra bifreið, sem tryggð er hjá stefnda. Við áreksturinn fékk stefnandi áverka á hné og leitaði á slysadeild Borgarspítalans. Þar var hún greind með hrúfl og mar framan á vinstri hnéskei og mar neðan á hægri hnéskei. Var stefnandi meðhöndluð með teygjusokksumbúðum.

Hinn 3. september sama ár kom stefnandi aftur á slysadeild vegna verkja frá hægri hné. Var hún með eymsli og mar yfir hægri hnéskei. Sem fyrr var talið, að um tognun og mar væri að ræða, þótt eymsli væru yfir liðþófum.

Stefnandi leitaði í ársbyrjun 1992 til heimilislæknis síns, er kom henni í sjúkráþjálfun og í júní 1992 til Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarlæknis, sem fann brjóskmeyra í vinstri hnéskei og taldi hið sama gilda um hægri hné. Hinn 16. desember 1992 mat Björn Öundurson læknir örorku stefnanda. Í matinu eru raktar helstu afleiðingar slyssins á heilsufar stefnanda, en í niðurstöðu þess segir svo:

„Þannig er um 21 árs gamla konu að ræða, sem í nefndu slysi varð fyrir höggi á báða hnjáliði og ber nú töluverð einkenni afleiðinga slyss þessa.

Slasaða fær verk undir hnéskeiðar við tiltölulega lítið álag.

Slasaða þolir illa stöður og gang, einkum á ósléttu undirlagi og í stigum. Hún þolir ekki að sitja á hækjum sínum og getur ekki kropsið á kné.

Bólga eða þroti sigur á hnjáliði, nokkuð jafn báðum megin, einkum eftir miklar stöður eða gang.

Við rannsókn, það er arthroscopiu á vinstri hnéliði, koma fram chondromalaciu-breytingar á vinstri hnéskei. Nær fullvíst má telja, að slíkar breytingar séu einnig á hægri hnéskei slösuðu, enda er klíník mjög svipuð frá báðum ganglimum.

Vel getur svo farið, að síðar meir verði að endurmeta örorku slösuðu í ljósi nýrra eða breyttra einkenna, þar sem ekki er óalgengt, að til ótímabærra slitbreytinga geti komið á femuro-palulor-liðum eftir áverka af þessu tagi. Tíminn verður þó að leiða í ljós, hvað úr verður.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, og þar sem meira en ár er nú

liðið, frá því að áður nefnt slys átti sér stað, þykir eðlilegt að ljúka nú máli þessu með örorkumati. Þykir tímabundin og varanleg örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í sex vikur	100%
Í fjórar vikur	50%
Varanlega	10%.“

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur 7. júlí 1993 út höfuðstólsverðmæti tekjutaps stefnanda á slysdegi.

Við aðalmeðferð málsins voru lagðir fram nýir útreikningar tryggingafræðingsins, dags. 28. apríl 1995. Þar var reiknað með 4,5% ársvöxtum í stað 6% ársvaxta í fyrri tjónsútreikningi. Þá breyttist útreikningurinn vegna þess, að tekjuáætlun var endurskoðuð með hliðsjón af launahækkunum samkvæmt nýgerðum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Þar sem ekki var ljóst, hver framtíðaráform stefnanda væru, var sá útreikningur, líkt og hinn fyrri, á tvo vegu, þ. e. annars vegar miðað við framhald náms og reiknuð laun háskólamenntaðs manns að námi loknu, en hins vegar við samfellt starf frá slysdegi og algengar vinnutekjur verkamanna. Miðað við, að stefnandi héldi áfram námi, reyndust tapaðar vinnutekjur vegna varanlegrar örorku 2.807.935 kr., en töpuð lífeyrisréttindi 168.476 kr. Við þá útreikninga voru vinnutekjur háskólamenntaðs manns að námi loknu, þ. e. frá 1. júní 1996, áætlaðar 1.573.935 kr.

Ef miðað var við samfellt starf á slysdegi, reyndust tapaðar vinnutekjur vegna tímabundinnar örorku, 10 vikur, 165.498 kr., tapaðar vinnutekjur vegna varanlegrar örorku 2.724.302 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 173.388 kr.

Með bréfi, dagsettu 22. júlí 1993, krafði stefnandi stefnda, Vátryggingafélag Íslands, um bætur vegna slyssins, samtals að fjárhæð 2.953.639 kr., auk innheimtulauna, að fjárhæð 183.114 kr., og frekari kostnaðar. Af hálfu stefnda voru boðnar 500.000 kr. í bætur. Þar sem samkomulag náðist ekki, höfðaði stefnandi mál þetta.

Hinn 10. mars 1994 voru þeir Gísli Einarsson, læknir og sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum, og Stefán Már Stefánsson prófessor dómkvaddir til að meta læknisfræðilega örorku stefnanda af völdum slyssins, enn fremur að meta varanlega skerðingu af völdum slyssins og getu stefnanda til að afla vinnutekna, þ. e. fjárhagslega örorku stefnanda.

Matsmenn skiluðu matsgerð, dagsettri 11. janúar 1995. Þar kemur fram, að matsfundur hafi verið haldinn 2. maí 1994 og talsmenn aðila lýst sjónarmiðum sínum til matsins. Matsmenn öfluðu nokkurra gagna, m. a. sjúkrafskýrlna frá Heilsugæslustöð Kópavogs, röntgenálita frá Borgarspítala og skattagagna. Kom stefnandi að nýju til matsmanna 11. nóvember sl. og svar-

aði þá viðbótarspurningum og undirgekkst skoðun að nýju. Kemur fram í matsgerð, að einkenni þau, sem stefnandi kvarti um af völdum árekstursins, séu einkum þreyta og verkur á báðum hnjám, sérstaklega eftir langar setur og langar stöður. Hún eigi í erfiðleikum með að krjúpa, sitja á hækjum sér, segist margsinnis hafa reynt erobik-leikfimi, en gengið illa. Einnig hafi hún reynt skíðaiðkun með slökum árangri að sögn. Þessi einkenni telji matsmenn geta komið heim og saman við fyrrgreint líkamstjón, sem þeir telja stefnanda hafa hlotið. Þegar metin sé varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda, beri að hafa í huga samkvæmt því, sem rakið er á öðrum stað í matinu, að matsmenn telji, að stefnandi hafi verið haldin brjóskekkju í báðum hnjám, áður en áreksturinn varð. Við áreksturinn, telja matsmenn, að þessi einkenni hafi ýft upp og orðið verri. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum telja matsmenn þá varanlegu læknisfræðilegu örorku, sem eingöngu sé að rekja til árekstursins, hæfilega metna 5%. Þá telja þeir samkvæmt sömu sjónarmiðum rétt að meta tímabundna læknisfræðilega örorku stefnanda 100% í fjórar vikur og 50% í tvær vikur þar á eftir.

Þá segir í matinu: „Anna María er nú 23 ára gömul. Hún starfaði framan af við almenna afgreiðslu í verslun ásamt skólanámi. Frá árslokum 1992 var hún „au pair“-stúlka erlendis í eitt ár. Síðan starfaði hún hjá ríkisféhirði, en hóf nám í Háskóla Íslands nú í haust.

Við teljum framtíð Önnu Maríu að miklu leyti óráðna, bæði hvað varðar menntun og störf. Við teljum ljóst, að heilsutjón það, sem hún hefur hlotið, geti ekki með neinum hætti verið til fyrirstöðu eða tafið fyrirhugað nám hennar.

Allt að einu teljum við ljóst, að líkamstjón Önnu Maríu, sem hún hefur hlotið á báðum hnjám, geti með margvíslegum hætti haft áhrif á tekjuöflunarhæfi, allt eftir starfi því, sem unnið er við. Má þar alveg sérstaklega nefna, að líklegt er, að Anna María myndi þurfa að hlífa sér við allt álag og yfirvinnu við ýmis störf, þar sem reynir með einum eða öðrum hætti á fótleggi.

Svo sem fyrr segir, teljum við framtíð Önnu Maríu alveg óráðna, og er þá tekið tillit til ungs aldurs hennar. Við treystum okkur ekki til að ætlast á um það, hver verði framtíðarmenntun hennar eða framtíðarstarf miðað við þau gögn, sem fyrir liggja. Því er að okkar álitu ekki önnur leið fær en að meta fjárhagslega tjónið jafnt hinni læknisfræðilegu örorku.

Með hliðsjón af fyrrgreindum sjónarmiðum teljum við hæfilegt að meta þá fjárhagslegu örorku Önnu Maríu, sem eingöngu verður talin stafa af slysaatvikinu 31. ágúst 1991, að meðaltali 5%.

Í lið 4 hér að framan gerðum við grein fyrir því, að við teljum fyrri hné-

kvilla hafa áhrif á mat okkar. Þar með teljum við heildarörorku Önnu Maríu hærri en 5%. Við treystum okkur hins vegar ekki til þess að segja til um það nákvæmar en þar er gert, í hvaða mæli hnékvillinn eigi þátt í heilsutjóni Önnu Maríu, eins og því hefur verið lýst hér að framan.“

Málsástæður stefnanda eru þær, að hún telur stefndu bera ábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar svo og reglum umferðarlaga. Stefnandi hafi slasast við áreksturinn og hlotið af þeim sökum varanleg meiðsli á hnjám. Hún hafi þurft að gangast undir skurðaðgerð vegna þeirra og ganga til sjúkrahjálfa á þess þó að fá fulla bót meina sinna. Stefnandi eigi því rétt til bóta, sem samsvari því tjóni, er hún hlaut eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Um tjón stefnanda af völdum slyssins er vísað til fram lagðs læknisvottorðs, örorkumats og örorkutjónsútreikninga. Þar sem ekki sé ljóst á þessari stundu, hver framtíðaráform stefnanda séu, sé dómkrafan aðallega miðuð við útreikning tryggingafræðings út frá algengum launatekjum háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins. Til grundvallar tjónsútreikningum liggi örorkumat Björns Öndarsonar læknis um, að stefnandi sé 10% varanlegur öryrki.

Aðalkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

Miðað við samfelld starf frá slysdegi:

Tímabundið vinnutekjutap	kr.	165.498
Varanlegt vinnutekjutap	–	2.724.302
Töpuð lífeyrisréttindi	–	173.388
	kr.	3.063.188
Miskabætur	–	500.000
Samtals	kr.	3.563.188

Varakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

Miðað við áframhaldandi nám:

Varanlegt vinnutekjutap	kr.	2.807.935
Töpuð lífeyrisréttindi	–	168.476
	kr.	2.976.411
Miskabætur	–	500.000
Samtals	kr.	3.476.411

Útlagður kostnaður:

Læknisvottorð	kr.	3.500
Ljósritun skattframts	–	600

Hitahnéhlíf	–	1.342
Leiga á hækjum	–	1.220
Lækniskostnaður	–	9.000
Samtals	kr.	15.662

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að með greiðslu 800.000 kr. auk vaxta og innheimtubóknunar sé umstefnt tjón stefnanda að fullu bætt, enda ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni af völdum slyssins.

Stefnandi hafi stundað skólanám í framhaldsskóla, er slysið varð. Hafi hún því ekki orðið fyrir neinu raunverulegu vinnutekjutapi þær vikur, sem tímabundinnar örorku gætti. Ekki hafi hún heldur tafist í námi. Því beri að hafna kröfu hennar um bætur fyrir tímabundið vinnutekjutap. Nú liggi fyrir matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna um, að læknisfræðileg svo og fjárhagsleg örorka stefnanda sé 5%, og sé á það mat fallist af hálfu stefndu.

Kröfulið stefnanda um miskabætur, 500.000 kr., sé mótmælt sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju, þegar jafnframt sé krafist örorkubóta. Vaxtakröfu sé sérstaklega mótmælt, en bótakrafan beri samkvæmt dómvenju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi, en ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi lenti í umferðarslysi 31. ágúst 1991, þegar ekið var á bifreið, sem hún var farþegi í. Við áreksturinn fékk stefnandi áverka á bæði hné, og voru meiðsl þessi metin sem varanleg örorka. Viðurkenna stefndu bótaskyldu sína á tjóni, sem af því hlaut. Hins vegar er deilt um, hversu mikla líkamlega örorku stefnandi hafi hlotið við slysið, og upphæð skaðabóta.

Stefnandi reisir fjárkröfu sína á tjónsútreikningi tryggingafræðings miðað við 10% læknisfræðilega örorku sína samkvæmt mati Björns Önundarsonar læknis. Stefndu vísa til sama tjónsútreiknings, en miða aftur á móti við 5% áætlað tekjutap stefnanda sem afleiðingu af 5% læknisfræðilegri örorku samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samkvæmt dómvenju á þessu sviði beri að leggja mat Björns Önundarsonar læknis til grundvallar tjónsútreikningum byggðum á því. Hins vegar er mótmælt mati hinna dómkvöddu matsmanna.

Í 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kemur fram sú regla, að mat dómara á sönnun sé í meginatriðum frjálst, en skv. greininni sker dómari úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum, sem fram eru lögð í máli,

hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð, enda bindi fyrirmæli laga hann ekki sérstaklega um mat í þessum efnum.

Í fyrri dómaframkvæmd hefur mat á læknisfræðilegri örorku verið lagt til grundvallar, þegar reiknað er út ætlað launatekjutap. Þetta hefur verið gert, þrátt fyrir það að lengi hafi verið ljóst, að læknisfræðileg örorka mælir ekki ávallt raunverulega starfsorkuskerðingu og fjárhagslegar afleiðingar hennar. Dómstólar hafi hins vegar ekki talið sig bundna af slíkum tjónsútreikningi við ákvörðun bóta. Engin dómvenja er því um þetta, heldur má segja, að dómaframkvæmdin hafi miðast við þá sönnunarfærslu, sem þá var algengust.

Í máli þessu liggur fyrir mat dómkvaddra matsmanna um áætlað tekjutap stefnanda í framtíðinni og við það miðað af hálfu stefndu. Sönnunarfærsla, sem fram fer með þeim hætti, styðst við ákvæði einkamálalaga um undirbúning dómkvaðningar, framkvæmd mats og samningu matsgerðar. Málsmeðferðin tryggir aðilum málsins jafnræði við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á það, hvernig matið fer fram. Hún veitir einnig aukna möguleika fyrir málsaðila til að fá mati hnekkt, fallist þeir ekki á rökstuðning matsmanna út frá þeim upplýsingum, sem fram koma á matsfundi og þeim eru kunnar. Vegna þessarar lögbundnu málsmeðferðar verður að líta svo á, að matsgerð dómkvaddra matsmanna sé að jafnaði sterkara sönnunargagn en mat, sem aflað er einhliða af aðila máls.

Dómkvaddir matsmenn mátu læknisfræðilega örorku stefnanda 5%. Í matsgerð þeirra kemur fram, að stefnandi hafi verið með brjóskekkju í báðum hnjám, áður en hún lenti í umræddu slysi. Við áreksturinn hafi ein-kenni ýfst upp og orðið verri. Því telja þeir þá læknisfræðilegu örorku, sem eingöngu megi rekja til árekstursins, hæfilega metna 5%.

Matsmaðurinn Gísli Einarsson læknir hefur komið fyrir dóminn. Hann staðfesti það, sem fram kemur í matsgerð, að sú ályktun matsmanna, að stefnandi hefði haft forskaða á hnjám, styddist við læknisfræðilegt mat út frá frásögn stefnanda. Hún hafi á árunum 1989 og 1990, er hún dvaldist í Bandaríkjunum, átt vanda til þreytu og verkja í hnjám og orðið að hætta íþróttum vegna þess. Af þessari frásögn að dæma væri ákaflega líklegt, að á þeim tíma hefði verið um brjóskmeyru að ræða á brjóski innanvert á hnéskeljum og hugsanlegt á öðrum liðflötum hnjálíðar. Allt bendi því til þess, að stefnandi hafi haft þennan kvilla fyrir. Það sé hins vegar matsatriði, hvort og hversu mikil áhrif slysið hafi haft.

Stefnandi kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Hún upplýsti, að hún hefði frá því í haust stundað nám í sálarfræði við Háskóla Íslands. Hún kvaðst hafa verið skiptinemi í Bandaríkjunum árið 1989 og 1990 og hafi farið að

stunda íþróttir sumarið 1990, þá hlaup í tvo til þrjá mánuði. Hún hafi ekki áður stundað hlaup. Hún hafi fengið verki í hné og látið föðurinn í fjölskyldunni, sem var bæklunarsérfræðingur, skoða sig. Hafi hann talið, að um þreytu væri að ræða. Hún hafi hætt hlaupunum af persónulegum ástæðum, en ekki einvörðungu vegna þessara verkja. Sumarið 1991 hafi hún verið að vinna við garðyrkju í Noregi, sem hafi reynt mikið á hné, og hjólað mikið án þess að finna til einkenna. Hún kvað heilsufar sitt að mestu óbreytt frá því, sem fram kemur í matsgerð.

Það mat dómkvaddra matsmanna, að stefnandi hafi haft brjóskeið í báðum hnjóum, áður en áreksturinn varð, er, eins og fram hefur komið, reist á læknisfræðilegu mati á frásögn stefnanda og sjúkdómslýsingu. Hér fyrir dómi hefur komið fram, að þessi frásögn stefnanda er ekki alls kostar fullnægjandi eða nákvæm. Það er því álit dómshins, að ekki þyki sannað, að stefnandi hafi haft brjóskeið í báðum hnjóum, áður en áreksturinn varð, sem ýfst hafi upp og orðið verri, svo sem miðað er við í matsgerð. Verður matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna því ekki lögð til grundvallar að þessu leyti.

Ágreiningslaust er, að stefnandi hafi vegna slyssins orðið fyrir líkamskaða, sem leiddi til læknisfræðilegrar örorku hennar. Telja dómkvaddir matsmenn, að heildarörorka stefnanda sé hærri en 5%.

Björn Önnundarson læknir mat læknisfræðilega örorku stefnanda 10%. Í matsgerð læknisins segir, að bólga eða þroti sígi á hnjóliði, nokkuð jafnt báðum megin, einkum eftir miklar stöður eða gang. Ber að leggja mat þetta til grundvallar.

Stefnandi hefur skýrt dóminum frá atvikum slyssins og afleiðingum þess. Kvað hún heilsufar sitt nú svipað og það var, þegar matsfundur fór fram. Há meiddslin henni mikið í starfi og utan þess.

Dómurinn telur, þegar litið er til rökstuðnings matsmanna í matsgerð og þess, sem fram hefur komið hér fyrir dómi, að stefndu hafi sýnt fram á, að fjárhagslegar afleiðingar slyssins teljist hinar sömu og læknisfræðileg örorka segir til um. Við ákvörðun bóta til stefnanda verða örorkutjónsútreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings hafðir til hliðsjónar.

Stefnandi hefur ekki lokið háskólaprófi, og óvíst er með öllu, hvort hún lýkur slíku námi. Þykir því ekki unnt að fallast á með stefnanda, að við tjónsútreikning á áætluðu vinnutekjutapi stefnanda skuli algerlega miðað við tekjur háskólamenntaðra manna. Ber því að hafa hliðsjón af útreikningum, er taka mið að launum fullorðinna verkamanna.

Gögn í málinu styðja ekki þá kröfu, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna tímabundinnar örorku. Ber að hafna þeim kröfandi.

Rétt þykir, þegar litið er til hundraðshluta örorku stefnanda, að ákveða henni bætur fyrir miska og fjártjón í einu lagi.

Þegar litið er til dómsúrlausna, sem sambærilegar má telja máli þessu, þykja bætur fyrir fjártjón stefnanda og miska af völdum slyssins hæfilega ákvarðaðar 1.700.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til skattfrelsis bótanna, hagræðis af eingreiðslu þeirra svo og tapaðra lífeyrisréttinda.

Rétt þykir að reikna vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 31. ágúst 1991 til uppsögu dóms þessa 12. maí 1995, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1989 frá þ. d. til greiðsludags. Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. maí 1996, en síðan árlega þann dag.

Það er mat dómsins með hliðsjón af 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942, að málskostnaður til stefnanda þyki hæfilega ákvarðaður 350.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnanda.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hlíf Þ. Jónsdóttir og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Önnu Maríu Þorvaldsdóttur, 1.700.000 kr. ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 31. ágúst 1991 til 12. maí 1995, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1989 frá þ. d. til greiðsludags.

Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. maí 1996, en síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, 350.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.
